

STJÓRNARTÍÐINDI A 24 – 1995

25. október 1995

671

Nr. 115

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á 85. kafla:

Undirliður 8507.30 skiptist upp í tvö tollskrárnúmer, 8507.3001 og 8507.3009.

Tollskrárnúmer og tolltaxtar skulu vera svohljóðandi:

	A	E
	%	%
– Nikkilkadmíum:		
8507.3001 – – Rafgeymar, sem eru 1,2 V einingar í loftþéttum hylkjum, einnig rafgeymar, samsettir úr tveimur eða fleiri slíkum einingum	0	0
8507.3009 – – Aðrir	10	0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 14. tl. 6. gr. og 1. mgr. 143. gr. tollalaga nr. 55 frá 30. mars 1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. nóvember 1995 og tekur til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar.

Fjármálaráðuneytið, 25. október 1995.

F. h. r.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Bergþór Magnússon.